

Til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Efni: Umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar um tillögu til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029.

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar tók til umfjöllunar tillögu til þingsályktunar um stefnumarkandi landsáætlun uppbyggingu innviða á 210. fundi sínum þann 3. maí 2018 og var eftirfarandi bókun gerð:

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar gerir athugasemd við orðalag í 4. kafla, Markmið og áherslur. í 4. mgr. verði bætt við „aðalskipulögum“ á eftir „.. sett hafi verið fram í gildandi“. Nauðsynlegt að vísað sé í gildandi aðalskipulög sveitarfélaga. Í Skipulagslögum 123/2010 segir að til grundvallar landsskipulagsstefnu skal hafa svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga til hliðsjónar, þar sem við á. Enda segir í 2. efnisgrein 10. greinar skipulagslaga, „ Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun ..“ Aðalskipulag er samþáttað áætlun opinbers aðila sem lýtur að öllum þessum þáttum. Í þessu tilliti er t.d. aðalskipulag sterkari grunnur er varðar eðli uppbyggingar en tilvísun í gildandi landsskipulagsstefnu.

Bestu kveðjur,

Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri Bláskógabyggðar

Netfang: valtyr@blaskogabyggd.is

Heimasíða: <http://www.blaskogabyggd.is>

Aratunga / 801 Selfoss

s. 480-3000